





GÓMSÆT GJÖF FYRIR SÆLKERA

Falleg gjafakarfa með úrvali af bragðgóðum íslenskum ostum er tilvalin jólagjöf handa starfsfólki og viðskiptavinum

*Við bjóðum staðlaðar sælkeraostakörfur en einnig er hægt að velja osta að vild.
Ef þú vilt bæta annarri matvöru, víni eða gjafavöru í körfurnar sjáum við um að pakka henni þér að kostnaðarlausu.*

Körfurnar eru afhentar í sellófani með fallegri slaufu. Einnig bjóðum við fallega ostakassa til að senda til viðskiptavina og starfsfólks á erlendri grundu.



INNGANGUR

Ágætu félagar í GKG

Stjórnin leggur hér fram ársskýrslu 2008 eins og lög gera ráð fyrir. Skýrslan sýnir glögglega hið viðamikla starf sem unnið er í klúbbnum okkar. Margir hafa komið að gerð skýrslunnar og vil ég þakka þeim fyrir vel unnin störf. Óhætt er að segja að mikil gróska sé í starfseminni, og að margt hafi áunnist í viðleitni okkar í að gera GKG að einum

besta golfklúbbsi landsins. Nú eru hins vegar ýmsar blíkur á lofti, sem örugglega munu breyta ýmsum okkar fyrri áformum og seinka þeim framtíðarplönunum sem við höfum verið að vinna að varðandi félags- og æfingaaðstöðu klúbbsins.

Guðmundur Oddsson,
formaður GKG



EFNISYFIRLIT BLAÐSINS

Inngangur

1. kafli - Félagssvið

- 1.1 Stjórn og nefndir
- 1.2 Fjöldi félaga
- 1.3 Stjórnarstörf
- 1.4 Samskipti við sveitafélögin
- 1.5 Aukið eftirlit á vellinum
- 1.6 Vinavellir
- 1.7 Glæsilegt afrek
- 1.8 Fjármálin
- 1.9 Íslandsmótið í högguleik 2014
- 1.10 Kvennanefnd
- 1.11 Öldungastarfið 2008
- 1.12 Nýliðanefnd
- 1.13 Kynningarnefnd

2. kafli - Íþróttasvið

- 2.1 Afreksnefnd
- 2.2 Úrslit í meistaramótinu
- 2.3 Mótanefnd
- 2.4 Ársskýrsla íþróttastjóra
- 2.5 Ársskýrsla afreksþjálfara
- 2.6 Ársyfirlit unglínganefndar
- 2.7 Skemmtinefnd

3. kafli - Framkvæmdasvið

- 3.1 Vallarnefnd
- 3.2 Skýrsla vallarstjóra
- 3.3 Vetrarvöllur 2007 - 2008
- 3.4 Fjáröflunarnefnd

4. kafli Fjármál

- 4.1 Áritun óháðs endurskoðanda
- 4.2 Rekstrarreikningur
- 4.3 Efnahagsreikningur
- 4.4 Eigið fé og skuldir
- 4.5 Sjóðsstreymi

Lokaorð

Ársskýrsla 2008



Ólafur E. Ólafsson
framkvæmdastjóri GKG
olafure@gkg.is

Ársrit GKG 2008

Útgefandi: Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar.

Ábyrgðarmaður: Ólafur E. Ólafsson

Hönnun og útlit: Pipar auglýsingastofa

www.pipar.is

Ljósmyndir: Gummi vallarstjóri, Ólafur E. Ólafsson

og einkasafn.

Prentun: Svansprent


Sérstakar þakkir:

Sigurður Hlökkversson.



Aftari röð frá vinstri: Ari Bergmann Einarsson, Hjörleifur Hringsson, Jón Snorri Snorrason, Gunnar Jónsson, Gunnar Páll Þórisson og Símon Kristjánsson. Sitjandi frá vinstri: Jónína Pálsdóttir, Guðmundur Oddsson, Bergþóra Sigmundsdóttir og Áslaug Sigurðardóttir.

Nýting valla



1. KAFLI - FÉLAGSSVIÐ

1.1 Stjórn og nefndir 2008

FORMAÐUR

Guðmundur Oddsson

STAÐGENGILL FORMANNS

Jón Snorri Snorrason

GJALDKERI

Hjörleifur Hringsson

RITARI

Ari Bergmann Einarsson

MEÐSTJÓRNANDI

Gunnar Jónsson

MEÐSTJÓRNANDI

Bergþóra Sigmundsdóttir

MEÐSTJÓRNANDI

Símon Kristjánsson

VARAMAÐUR

Áslaug Sigurðardóttir

VARAMAÐUR

Jónína Pálsdóttir

VARAMAÐUR

Gunnar Páll Þórisson

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Ólafur E. Ólafsson

VALLARSTJÓRI

Guðmundur Árni Gunnarsson

ÍÞRÓTTASTJÓRI

Úlfar Jónsson

AFREKSÞJÁLFARI

Derrick Moore

KENNARI

Haraldur Þórðarson

AFREKSNEFND

Gunnar Páll Þórisson

Áslaug Sigurðardóttir

Ólafur Sigurðsson

AGA- OG DÓMARANEFND

Kjartan Bjarnason

MARKAÐS- OG FJÁRÖFLUNARN.

Jón Snorri Snorrason

Ólafur E. Ólafsson

FORGJAFARNEFND

Þórður Ingason

KVENNANEFND

Bergþóra Sigmundsdóttir

Erla Leifsdóttir

Signhild Borgþórsdóttir

Sesselja Magnea Matthíasdóttir

Vigdís Ársælsdóttir

KYNNINGARNEFND

Ari Bergmann Einarsson

Ólafur E. Ólafsson

Sigurður Hlöðversson

MÓTANEFND

Heimir Jón Guðjónsson

Jónína Pálsdóttir

Sigurjón Sigurjónsson

Ragnar Þór Reynisson

Sigurður Hlöðversson

Björn Steinar Stefánsson

NÝLIÐANEFND

Úlfar Jónsson

Derrick Moore

UNGLINGANEFND/FORELDRARÁÐ

Gunnar Jónsson

Benedikt Gunnar Ívarsson

Grétar Skúlason

Jón Hörðdal Jónasson

Ragnheiður Sigurðardóttir

VALLARNEFND

Símon Kristjánsson

Andrés Guðmundsson

Guðmundur Árni Gunnarsson

Kristján Jónasson

Árni Zophoniasson

Tómas Jónsson

ÖLDUNGANEFND

Reynir Guðsteinsson

Ragnar H. Þorsteinsson

Steinar Lúðvíksson

LAGANEFND

Gunnar Jónsson

KJÖRNEFND

Kristinn Jörundsson

Steinar J. Lúðvíksson

Símon Kristjánsson

SKEMMTINEFND

Sigurður Hlöðversson


Lórenz Þorgeirsson

Bjarni Baldvínsson






1.2 Fjöldi félaga




Aldursskipting félaga í GKG í lok starfsársins 2008




Kynjaskipting félagsmanna í lok starfsársins 2008

Allir félagar GKG,
1.572 samtals:



Börn og unglingar, 19 ára eða yngri, 289 alls:



1.3 Stjórnarstörf

Á þessu starfsári hefur stjórnin haldið tíu bókaða fundi og einn almennan félagsfund. Þá hafa stjórnarmenn setið fjölmarga fundi með ýmsum aðilum þar sem rætt hefur verið um einstaka þætti í starfsemi GKG og framtíð klúbbsins. Mikill tími hefur farið í viðræður við forráðmenn sveitarfélaganna, Kópavogs og Garðabæjar. Þar hafa einkum verið á borðum fjármál og ekki síður framtíðaruppbygging húsa og vallar. Þá hefur verið unnið mikið í að fá landamál klúbbsins á hreint. Það liggur nú fyrir að GKG hefur 46,5 ha til afnota úr landi Vífilstaða og 15,5 ha úr landi Kópavogs í Leirdal. Vð höfum hins vegar óskað eftir 6 ha til viðbótar úr landi Vífilstaða en það mál hefur ekki verið afgreitt ennþá. Það er vissulega mikil vinna við að reka svona stóran golfklúbb eins og GKG er orðinn, en ég þykist vita að stjórnarmenn telja þá vinnu ekki eftir sér og allra síst ef einhver sýnilegur árangur næst.

vegna fjármálaástandsins. Snemma á þessu ári lögðum við fram drög að samstarfssamningum við Kópavog og Garðabæ. Þessi samningur var í raun unnin upp úr þeim hugmyndum sem menn hafa verið að skoða í nágrennasveitarfélögunum og er að sumu leyti kominn þar til framkvæmda. Við fórum m.a. fram á rekstrarstyrki frá báðum sveitarfélögunum líkt og önnur íþróttafélög. Við óskuðum eftir 10 milljónum króna frá hvoru sveitarfélagi. Þessi drög gerðu ráð fyrir að rekstrarstyrkurinn kæmi til móts við kostnað GKG vegna unglinga-og afreksstarfs, lóðarleigu, húsnæðiskostnaðar vegna inniæfinga og fleira. Enginn samningur hefur verið undirritaður, en segja má að ýmislegt sé að gerast í sumum þessara mála, því Kópavogur hefur látið okkur fá um 400 fm húsnæði í Kórnum, þar sem við fáum góða inniaðstöðu og eins höfum við óskað eftir því við Garðabæ að bærinn losi okkur við lóðarleiguna. Kópavogsbær fjármagnar framkvæmdirnar í Kórnum með 4 milljóna króna framlagi auk þess sem við þurfum ekki að greiða húsaleigu. Ef bæði þessi atriði ganga eftir styrkir það rekstur GKG um ca 8 milljónir.



1.4 Samskipti við sveitarfélögin

Á síðasta aðalfundi var greint frá áformun um að byggja æfingahús fyrir klúbbinn og eins að lagfæra allt æfingasvæðið. Unnið hefur verið að því að þoka þessu máli áfram og hafa verið haldnir margir fundir um það sérstaklega. Garðabær gerði okkur kleyft að lagfæra æfingasvæðið með því að styrkja það verk um 3,5 milljónir króna. BM-Vallá styrkti okkur myndarlega með því að láta okkur hafa hellur á æfingasvæðið og með þeim aðgerðum sem unnið var við svæðið í sumar er það komið í mun betra ástand en áður. Önnur áform um byggingaframkvæmdir á vegum GKG hafa nú verið sett í bið

1.5 Aukið eftirlit á vellinum

Stjórnin tók þá ákvörðun á þessu starfsári að leggja aukna áherslu á að bæta alla stýringu á umferð um golfvöllina. Ráðnir voru nokkrir valinkunnir menn til að fylgjast með og stjórna umferðinni. Tilgangurinn var að fylgjast betur með allri skráningu á vellina og ekki síður að halda uppi eðlilegum leikhraða ásamt því að passa upp á að spilarar hefðu greitt sín félagsgjöld eða greitt fyrir afnot að völlumum. Almennt má segja að þessir starfsmenn hafi staðið sig vel í sínum störfum og fannst mér að félagar í GKG væru mjög sáttir við þeirra störf sem og að öll umgengni um vellina væri betri en áður. Heyrst



hefur að á undanförunum árum hafi menn getað labbað inn á vellina án þess að borga, en í sumar hafi verið mun betra eftirlit með hlutunum. Það kom því kannski nokkuð á óvart að innkoma vallargjalda s.l. sumar var mjög svipuð og árið áður. Það segir manni einungis að almennt eru golfarar heiðarlegt og sómakært fólk, sem fer að sjálfsögðu að settum reglum og virðir þær í hvívetna.

1.6 Vinavellir

Undanfarin ár hafa félagar í GKG getað farið á ýmsa velli og spilað þar án gjalds. Á síðasta ári þurfti GKG að greiða tæpar 4 milljónir króna vegna þessara vinavalla og því var sú ákvörðun tekin í upphafi þessa starfsárs að félagar í GKG þyrftu að greiða



1000 kr. fyrir hvern spilaðan hring á þessum völlum. Hvort sem sú ákvörðun varð til þess að útgjöld klúbbsins vegna þessa lækka niður í 1 milljón króna á þessu ári eða hvort tilkoma 9 holu vallarins (Mýrin) hefur breytt einhverju skal ósagt látið, en sparnaður GKG var umtalsverður. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir að félagar greiði kr.1500 fyrir hvern spilaðan hring.

1.7 Glæslegt afrek

Haukur Bjarnason félagi okkar í GKG náði þeim einstaka árangri á meistarmóti GKG í sumar að spila hring á vellinum á 78

höggum, en Haukur varð 80 ára skömmu eftir meistaramótið. Það eru ekki margir kylfingar sem ná því að spila á höggafjölda undir sínum aldri og samkvæmt mínum heimildum er það einungis 3 – 4 sem áður hafa afrekað það sem Haukur gerði í sumar. Þetta er frábært afrek og við félagar Hauks í GKG erum afar stoltir af Hauki og óskum honum hjartanlega til hamingju með með þennan frábæra árangur.

1.8 Fjármálin

Þó ég muni ekki á þessum stað ræða mikið um fjármál klúbbsins þá er nauðsynlegt að koma aðeins að þeim málum. Rekstur klúbbsins er erfiður og nauðsynlegt að skoða alla þætti hans frá grunni.

Okkur hefur þó tekist að reka klúbbinn sem næst á núlli, en miðað við horfur á næsta ári verður að gæta mikils aðhalds til að endar nái saman. Við verðum að skera niður útgjöld eins mikið og við mögulega getum og draga verulega úr öllum framkvæmdum. Þá eru allir okkar tekjupóstar í mikilli óvissu, en þar skiptir félagafjöldinn mestu. Við lok þessa starfsárs eru félagar alls 1569, en voru 1591 við lok síðasta árs. Félagsgjöldin vege 60 – 65% af heildartekjum klúbbsins og því skiptir klúbbinn miklu að halda öllum sínum félögum. Það er alveg ljóst að á næsta ári mun mjög reyna á félagsanda klúbbfélaga og skora ég því á alla að bregðast skjótt við þegar leitað verður eftir auknu sjálfböða starfi á komandi sumri. Við verðum að gera okkur ljóst, að ef við ætlum að halda vellinum og raunar öllu starfinu í klúbbnum í þokkalegu standi, þá verða félagsmenn að koma meir til starfa en áður hefur verið.

Að öðru leyti vísast til fyrirbyggjandi tillagna varðandi fjármálin.

1.9 Íslandsmótið í höggleik 2014

Sú hefð hefur skapast hjá GSÍ að halda Íslandsmótið í höggleik á þeim stöðum sem fagna merku afmælisári. GKG verður 20 ára 2014 og því hefur verið óskað eftir því við mótanefnd GSÍ að við fáum að halda Íslandsmótið það ár. Á formannafundi GSÍ sem haldinn var 15. nóvember s.l. áréttaði ég frekar þessa ósk okkar og var henni vel tekið af formanni mótanefndar. Við erum því komin í röðina og höfum því klárt markmið að keppa að. Það er alveg ljóst, að við þurfum að bæta völlum okkar mikið og ekki síður félagsaðstöðuna til að við fáum að halda mótið, en með samstilltu átaki allra félagsmanna er ég sannfærður um að okkur tekst að uppfylla öll skilyrði sem sett verða.



GLÆSILEG SUNDLAUG!

Hin nýuppgerða Sundlaug Kópavogs er öll hin glæsilegasta og leitun að öðru eins. Hún er búin nýjustu tækni og öryggiskerfið er það besta sem völ er á.

Í Sundlaug Kópavogs er úr nógu að velja, jafnt fyrir unga sem aldna: Frábærar úti- og innilaugar, huggulegir heitir pottar, þægileg vaðlaug, spennandi rennibrautir og hvers kyns önnur aðstaða til góðrar hreyfingar, slökunar og skemmtunar.

Er hægt að hugsa sér það dásamlegra?

KOMDU Í SUND!

SUNDLAUG KÓPAVOGS

v/ Borgarholtsbraut • s. 570 0470 • Opið virka daga kl. 6:30-22:30 og um helgar kl. 8:00-22:00





1.10 Kvinnanefnd

Ný kvinnanefnd tók til starfa eftir síðasta aðalfund.

Nefndina skipa:

Bergþóra Sigmundsdóttir, Erla Leifsdóttir, Signhild Borgþórsdóttir, Sesselja Magnea Matthíasdóttir og Vígðís Ársælsdóttir.

Starf kvinnanefndar sumarið 2008 var með hefðbundnum hætti. Konur voru með fasta golftíma alla þriðjudaga frá 20. maí til 9. sept. og voru rástímar frá kl. 17.00 – 18.50 í Vetrarmýrinni. Gekk það afar vel og nýttust tímarnir mjög vel til loka ágústsmánaðar. Konurnar sáu um að skrá sig sjálfar og mættu þær vel í tímana. Ræsar GKG sáu um að ræsa út og þökkum við í nefndinni starfsfólki GKG fyrir veitta aðstoð við ræsingu, innritun og eftirlit með þriðjudagstímum í sumar.

Tímabilið hófst með Rauðvínskvöldinu föstudaginn 16. maí 2008. Rúmlega 55 konur mættu og skemmtu sér fram eftir kvöldi. Kvinnanefndin sá um skemmtiatriði og voru viðtökurnar góðar. Fyrsta mótið var svo 3. júní og mættu um 49 konur til leiks og spiluðu 9 holur í Vetrarmýrinni.

Stórmót sumarsins var Opna Sólstöðumótið – Bleiki bikarinn sem var haldið föstudagskvöldið 20. júní. Þar mættu 66 konur og spiluðu Texas Skramble næturgolf í góðu veðri. Fjöldi fyrirtækja studdi mótið og voru verðlaun hin glæsilegustu. Í mótslok fengu þátttakendur súpu, salat og brauð í skálanum. Starfsmenn mótsins aðstoðuðu við að koma keppendum og golfsettum á teig. Þátttakendur mótsins voru mjög ánægðir með mótið. Tekjur af mótinu runnu til Krabbameinsfélagsins. Ekki er ljóst með framhald þessa móts undir merkjum Bleika bikarsins enda hafa aðrir golfklúbbar hætt stuðningi sínum við Krabbameinsfélagið með þessum hætti. Ekkert er því þó til fyrirstöðu að vera með Opið Sólstöðumót fyrir konur um Jónsmessuna.

Vinkvennamót GKG- og GOKvenna var mjög vinsælt og tóku tæplega 90 konur þátt í vinkvennamótinu hvorn dag, þ.e. 10. og 24. júní. Úrslit urðu þau að GKGkonur unnu mótið við mikinn fögnuð okkar kvenna.

GÖkonur heimsóttu okkur 15. júlí og urðu úrslit þau að GKGkonur unnu í þetta skipti. 38 konur spiluðu golf, flestar úr GKG.

Þriðjudaginn 12. ágúst var farið í óvissuferð. Var farið á Hamarsvöll, golfvöll GB. Leikið var í góðu veðri en 52 GKGkonur mættu í ferðina. Konurnar skemmtu sér frábærlega og nutu ferðarinnar.

Hatta- og kjólamótið var svo 26. ágúst og voru spilaðara níu holur í Vetrarmýrinni. Telja verður það heppilegra að leika eingöngu 9 holur í þessum finu fótum enda hafa konur í GKG mætt mjög vel klæddar í þessi mót. 42 GKGkonur mættu og nutu félagsskaparins og golfsins. Mikil og hörð keppni var að þessu sinni um flottasta hattinn og best klæddu konuna.

Lokamót GKGkvenna var svo sunnudaginn 14. september 2008. Veðrið var slæmt, rok og rigning. Leiknar voru því eingöngu 9 holur og leikfyrirkomulagið var Texas Skramble. Fáir keppendur mættu (22 konur) en þeim mun fleiri fengu góða vinninga. Í mótslok borðuðu GKGkonur saman frábæran mat. Þá voru veitt verðlaun fyrir mestu framfarir sumarið 2008 og hlaut Kristín Þórarinsdóttir þau verðlaun. Lokahófið var opið öllum konum í GKG en eingöngu mættu tvær konur sem ekki höfðu tekið þátt í mótinu fyrir um daginn. Vonandi mæta fleiri konur í GKG til lokafagnaður á næsta ári.

Fjöldi fyrirtækja hefur stutt við bakið á kvinnanefndinni þetta sumar og þökkum við þeim öllum fyrir frábæran stuðning. Þá hefur starfsfólk GKG verið okkur innan handar og þökkum við þeim kærlega fyrir aðstoðina.

Að lokum vill undirrituð þakka samnefndarkonum fyrir frábært sumar og velunnin störf.

Bergþóra Sigmundsdóttir



1.11 Öldungastarf 2008

Umsjónarmenn öldungastarfs GKG 2008 voru: Reynir Guðsteinsson, Ragnar H. Þorsteinsson og Steinar Lúðvíksson. Starfi öldunganefndar Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar var skipt í tvennt í upphafi sumars.

Annars vegar er val öldungasveitar samkvæmt reglugerð klúbbsins þar um. Val hennar, þjálfun og skipulag vegna keppna, svo sem sveitakeppni öldunga innan GSÍ heyrir undir Afreksnefnd klúbbsins.

Hins vegar er almennt félagsstarf öldunga þar sem skipaðir eru umsjónarmenn til að sinna sameiginlegum spilatímum og öðru félagslífi. Sumarið 2008 voru spilatímar alla miðvikudaga frá kl. 9,30 til hádegis. Þessir tímar voru jafnt fyrir konur og karla, sem náð höfðu viðkomandi aldurstakmarki (konur 50 ára og karlar 55 ára). Yfirleitt voru spilaðar 9 holur í Mýrinni í punktkeppni, en til að skapa fjölbreytni var einnig efnt til keppni með Texas Scramble fyrirkomulagi. Þá var farið á vinavöll okkar í Borgarnesi

og tóku 32 félagar þátt í þeirri ferð. Sú ferð heppnaðist í alla staði frábærlega í sól og sumaryl.

Sumarstarfi öldunga lauk svo með 18 holu punktkeppni laugardaginn 30. ágúst. Tuttug og sjö félagar tóku þátt í lokamótinu. Að keppni lokinni voru verðlaunaafhendingar fyrir mót sumarsins auk þess sem dregið var til vinninga úr öllum skorkortum. Má segja að þar hafi verið „hlaðborð“ verðlauna, því tekist hafði að útvega svo marga og góða vinninga að fara þurfti þrjár umferðir til að þeir gengju allir út. Að lokinni veglegri grillveislu tók við fjöldasöngur við dynjandi takta harmonikku og gítars hjá Elísabetu Þ. Harðardóttur og Reyni Guðsteinssyni. Öldunganefndin þakkar stjórn og starfsmönnum klúbbsins, svo og félögum öllum fyrir samstarfið í sumar og býður þá velkomna til nýrra samverustunda á vellinum á komandi sumri.

1.12 Nýliðanefnd

Nýliðanefndina skipa undirritaður og Derrick Moore. Nýjum félögum í GKG sem eru að stíga fyrstu sporin í golfþróttinni er skylt að sækja nýliðanámskeið á vegum klúbbsins. Námskeiðin voru haldin í maí og sóttu um 50 einstaklingar námskeiðin. Þjálfarar klúbbsins, þ.e. undirritaður, Haraldur Þórðarson og Derrick Moore sáu um verklega hluta námskeiðanna, en Kjartan Bjarnason, yfirdómari GKG, sá um þann hluta sem snýr að reglum golfsins. Nefndin kann honum bestu þakkir fyrir skemmtilega og góða fræðslu.

Boðið var uppá nýliðanámskeið í ágúst fyrir þá nýliða sem gengu í GKG í sumar, en því miður var þátttaka ekki nægilega mikil til að geta haldið námskeiðið. Þeir nýliðar sem gengu í klúbbinn í sumar geta farið á nýliðanámskeið næsta vor.

Skipulag nýliðanámskeiðanna var þannig:

1. tími. Stutta spilið og sveiflan. 1,5 klst.

Kynning á dagskrá námskeiðs. Golf með skynsemi afhent. Grunnatriði pútta, vippa (vipp og rúll og há vipp) voru kennd Áhersla lögð á grip, stöðu, mið, grunnhreyfingar og lestu flata, auk kylfuváls.

Grunnatriði golfsveiflunnar kynnt á æfingasvæði, s.s. grip, staða, helstu hreyfingar. Kynning á búnaði. Sýnikennsla. Umræður og spurningum svarað.

Þessi hluti námskeiðsins fór fram í Sporthúsinu þar sem þægileg aðstaða var til kenna bæði sveifluna og stutta spilið.

2. tími. Spilatími. 1,5 klst.

Farið var yfir helstu þætti er varða golfleikinn, s.s. helstu siðareglur, forgjöf, skorkortið osfrv. í golfskálanum áður en farið var út á völl.

Kennari lék 2 brautir og fóru í gegnum helstu þætti er varða golfleikinn, s.s. siðareglur, umgengni, leikröð, kylfuval, glompuhögg, leikskipulag og margt fleira. Umræður og spurningum svarað.

3. tími. Bóklegt reglunámskeið. 2 klst.

Á reglunámskeiðum er farið yfir helstu reglur og siðareglur. Gefin eru góð dæmi um þær aðstæður sem kylfingar lenda oft í á golfvöllum. Því er markmiðið að hafa slík reglunámskeið eins lifandi og hagnýt og kostur er. Reglunámskeiðin eru einnig opin venjulegum félagsmönnum sem ættu hiklaust að nýta tækifærið og skerpa á reglukunnáttunni.

Það er markmið allra starfsmanna hjá GKKG að bjóða alla nýja félaga velkomna. Góður félagsandi er svo sannarlega til staðar í klúbbum og félagsleg skylda eldri klúbbsmeðlima er að bjóða nýja félaga velkomna og láta þeim líða vel. Þó svo að GKKG sé næst stærsti klúbburinn á landinu þá megum við ekki glata þeim eiginleika, sem er kannski meira áberandi hjá litlum klúbbum á landsbyggðinni, að hjálpa nýjum félögum að kynna því sem snýr að félagsstarfsseminni.

Öll aðstaða til golfleiks er til fyrirmyndar og er mjög hentugt að geta boðið uppá góðan 9 holna golfvöll fyrir þá sem hafa ekki tíma fyrir 18 holur, og einnig fyrir þá sem eru að stíga fyrstu skrefin. Mikilvægt er að reynvari kylfingar hafi ákveðinn skilning á því að í Mýrinni kunni að vera reynslulitlir kylfingar að leika.

Nýjum meðlimum þakka ég góð kynni á árinu og hvet til að hafa samband við mig ef vantar frekari upplýsingar.

Með bestu kveðju,
Úlfar Jónsson, íþróttastjóri GKKG.

1.13 Kynningarnefnd

Meginverkefni kynningarnefndar er að ritstýra og sjá um þau mál er lúta að kynningu á starfsemi klúbbsins og miðla upplýsingum til félagsmanna og annara. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að koma fréttum af úrslitum móta og afreka einstakra kylfinga á framfæri. Tveimur heimasíðum er haldið opnum á vegum klúbbsins, www.gkg.is og www.sleggjan.is, sem unglínganefnd hefur séð um. Leitast hefur verið við að uppfæra þessar síður reglulega og eiga starfsmenn hrós skilið fyrir sitt framlag í þeim efnum, sérstaklega hvað varðar GKKG síðuna. Það er mjög mikilvægt fyrir klúbbin að hafa yfir að ráða svo öflugum miðlum, enda voru þessar heimasíður mikið heimsóttar af kylfingum. Auk þessa hefur beinn tölvupóstur verið sendur á netföng félagsmanna. Félagsfundur var haldinn 29. mars þar sem farið var yfir ástand beggja vallanna og framtíðarhorfur, bæði við endurbætur á leiksvæði, æfingaaðstöðu o.fl. Kynningarnefnd hefur auk þess séð um að uppfæra handbók GKKG varðandi fyrirmyndarfélag ÍSÍ, enda markmið stjórnarinnar að halda þessari einstöku gæðaviðurkenningu íþróttahreyfingarinnar.

Í nefndinni sátu:
Ari Bergmann Einarsson (form)
Sigurður Hlöðversson
Ólafur E. Ólafsson

JÓLAHLAÐBORÐ

10% AFSLÁTTUR FYRIR FÉLAGA Í GKKG

PANTAÐU Í SÍMA 552 3030



Bjóðum einnig upp á sali til útleigu fyrir
15 til 300 manns: Fundahöld, árs hátíðir,
afmæli, ættarmót, fyrirtækjamóttökur,
starfsmannahóf, þorablót, giftingaveislur.

Vesturgata 2
Sími 552 3030
Fax 561 7758
GSM 840-2566
www.restaurantreykjavik.is
restaurant@restaurantreykjavik.is

 RESTAURANT
REYKJAVÍK



Ólafur E. Ólafsson, framkvæmdastjóri GKG,
slær með sinni þekktu sveiflu af 1. teig vorið 2008.
Höggjó markaði upphaf golfsúmars GKG.

2. KAFLI - ÍÞRÓTTASVIÐ

2.1 Afreksnefnd

Afreksnefnd GKG árið 20008 skipuðu:
Gunnar Páll Þórisson formaður,
Áslaug Sigurðardóttir
og Ólafur Sigurðsson.

Team GKG

Birgir L. Hafþórsson
Sigmundur E. Másson
Guðjón Henning Hilmarsson
Alfreð Brynjar Kristinsson
Ingunn Gunnarsdóttir

Í Team GKG eru þeir afrekskylfingar sem eru í fararbroddi fyrir klúbbinn í atvinnumennsku og landsliðum.

Afrekshópur karla

Björgvin Smári Kristjánsson
Brynjólfr E. Sigmarsson
Gestur Gunnarsson
Haukur M. Ólafsson
Hlynur Þ. Stefánsson
Jón Guðmundsson
Kjartan Dór Kjartansson
Sigurður R. Ólafsson
Valgeir Tómasson
Auk þess léku sjö efnilegir piltar úr unglingsveit klúbbsins á Kaupþingsmótaröð karla.



Afrekshópur kvenna

Erna Valdís Ívarsdóttir
Hrafnhildur Gunnarsdóttir
Jóhanna Margrét Grétarsdóttir
María Málfríður Guðnadóttir
Ragnheiður Sigurðardóttir

Þjálfarar voru þeir Derrick Moore og Úlfar Jónsson



Við stöndum
vaktina nálægt
öllum golfvöllum
á Íslandi

Meira íslenskt í leiðinni

2.2 Úrslit í Meistaramóti GKG 2008

Meistaraflokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Sigmundur Einar Másson	70	71	67	73	281
Guðjón Henning Hilmarsson	71	72	72	75	290
Alfreð Brynjar Kristinsson	73	75	71	72	291
1. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Guðlaugur Kristjánsson	82	81	76	86	325
Róbert Björnsson	81	82	78	87	328
Þorsteinn Reynir Þórsson	83	83	78	87	331
2. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Helgi Svanberg Ingason	77	82	86	87	332
Helgi Már Valdimarsson	84	88	80	89	341
Ingi Heimisson	91	87	79	87	344
3. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Daníel Jónsson	90	86	88	81	345
Fannar Freyr Ívarsson	89	85	90	85	349
Þorkell R. Sigurgeirsson	92	87	96	83	358
4. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Guðbjartur Haraldsson	94	104	95		293
Baldur Ingólfsson	99	99	97		295
Valur Þórarinsson	92	111	96		299
5. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Jóhann Ísfeld Reynisson	102	99	98		299
Bergvin Magnússon	102	114	93		309
Guðmundur Lúther Loftsson	104	111	102		317
Meistaraflokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
María Málfríður Guðnadóttir	87	84	92	93	356
Erna Valdís Ívarsdóttir	88	93	84	104	369
Bergljót Kristinsdóttir	89	94	94	100	377
1. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ingunn Einarsdóttir	84	84	78	83	329
Hansína Þorkelsdóttir	83	86	80	96	345
Jóhanna Margrét Grétarsdóttir	92	91	92	93	368
2. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ragnheiður Stephensen	99	101	102	100	402
Ólöf Ásgeirsdóttir	109	98	102	109	418
Hanna Bára Guðjónsdóttir	101	102	103	113	419
3. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Kristín Jónsdóttir	114	114	122		350
Guðrún Antonsdóttir	119	115	117		351
Svala Vignisdóttir	114	109	130		353
Piltar 17 - 18 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Guðjón Ingi Kristjánsson	73	68	74		215
Gunnar Snær Gunnarsson	73	72	71		216
Bjarki Freyr Júlíusson	76	76	75		227
Drengir 14 - 16 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Rúnar Örn Grétarsson	77	77	77		231
Emil Þór Ragnarsson	85	78	78		241
Jón Sævar Brynjólfsson	81	77	87		245
Strákar 13 ár og yngri	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ragnar Már Garðarson	83	76	80		239
Egill Ragnar Gunnarsson	89	90	87		266
Sindri Pétur Ingimundarson	101	92	96		289
Stúlkur 18 ára og yngri	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Hrafnhildur Gunnarsdóttir	82	79	83		244
Jóna Þórarinsdóttir	90	92	90		272
Ninna Þórarinsdóttir	96	89	90		275
Öldungar Karlar 0 - 20,9	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Kjartan Guðjónsson	86	86	83		255
Einar Breiðfjörð Tómsson	85	97	86		268
Sigurgeir Steingrímsson	101	95	91		287
Öldungar Karlar 21 - 36	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Gunnar Valdimar Johnsen	99	113	100		312
Ásgeir Hjálmar Sigurðsson	116	113	110		339
Öldungar Konur	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Birna B. Aspar	98	99	106		303
Guðrún Guðmundsdóttir	111	112	104		327
Elísabet Þórdís Harðardóttir	110	121	100		331
Öldungar Karlar 70 ára +	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Haukur V. Bjarnason	86	83	78		247
Ragnar H. Þorsteinsson	90	84	89		263
Ingimar Jónsson	93	88	91		272

Æfingar

Inniæfingar hófust á haustmánuðum 2007 í Sporthúsinu og Hraunkoti. Í byrjun maí hófust síðan æfingar utanhúss og æft var þar til keppnistímabilinu lauk í lok september. All nokkrir afrekskylfingar GKG voru við nám erlendis í upphafi keppnistímabils og tóku því lítinn þátt í vetraræfingum klúbbsins. Þeir gátu hinsvegar æft við bestu aðstæður erlendis og undirbúið sig vel fyrir keppnistímabilið. Góður árangur Sigmundar og Alfreðs með skólaliðum sínum í Bandaríkjunum og Guðjóns Hennings með landsliðinu gaf góð fyrirheit fyrir keppnistímabilið.

Keppnistímabilið

Keppnistímabilið hófst 24.maí með fyrsta mótinu á Kaupþingsmótaröð GSÍ á Strandavelli á Hellu. Þar stóð uppúr árangur Inngunnar Gunnarsdóttur sem sigraði í kvennaflokki. Meðalmennskan var allsráðandi hjá GKG í næsta Kaupþingsmóti. Haukur Már Ólafsson og Ingunn Gunnarsdóttir stóðu sig þar best. Þriðja mót sumarsins fór fram á Akranesi hjá GL. Þar blönduðu Sigmundur E. Músson og Alfreð Brynjar Kristinsson sér í toppbaráttuna. Sigmundur endaði í fjórða til fimmta sæti og Alfreð í því sjötta.

Meistaramót GKG var haldið í byrjun júlí. Þar urðu Sigmundur Einar Músson og María Málfríður Guðnadóttir klúbbmeistarar karla og kvenna.

Íslandsmótið í högguleik var að þessu sinni haldið í Vestmannaeyjum. Þar varð Sigmundur í 4.sæti, Guðjón Henning í 9-10 sæti og Alfreð í 16. – 18. sæti. Íslandsmótið í holukeppni fór fram á Korpúlfsstaðavelli. Þar fór Sigmundur á verðlaunapall, náði 3. sæti. Alfreð Brynjar féll úr keppni í 8.manna úrslitum. GO stóð fyrir lokamóti Kaupþingsmótaradarinnar í ár. Í karlaflokki átti GKG tvo keppendur sem blönduðu sér í toppbaráttuna. Þar varð Alfreð Brynjar í öðru sæti og Guðjón Henning í því fjórða. Í kvennaflokki varð Ingunn í fimmta sæti.

Á heildarstigalista mótaradarinnar fyrir karla varð Alfreð Brynjar í 3.sæti, Sigmundur Einar í 5.sæti, Guðjón Hennig í 20.sæti og Haukur Már í 28.sæti. Í kvennaflokki varð Ingunn í 8.sæti, Hrafnhildur Gunnarsdóttir í 20.sæti og Hansína Þorkelsdóttir í 21.sæti.

Sveitir GKG náðu prýðilegum árangri í sveitakeppni GSÍ árið 2008. Karlasveitin sem hafði titil að verja, endaði í 3. sæti eftir spennandi viðureignir við sveitir GK í undanúrslitum og GR í leik um 3.sætið. Kvennasveitin endaði í 4.sæti, sem er besti árangur sveitarinnar frá upphafi.

Eftirtaldir kyflingar skipuðu sveitirnar:

Karlar:

Birgir Leifur Hafþórsson, Sigmundur Einar Músson, Alfreð Brynjar Kristinsson, Guðjón Henning Hilmarsson, Brynjólfur E. Sigmarsson, Haukur Már Ólafsson, Sigurður Rúnar Ólafsson og Guðjón Ingi Kristjánsson.

Konur:

Ingunn Gunnarsdóttir, María Málfríður Guðnadóttir, Erna Valdis Ívarsdóttir, Ragnheiður Sigurðardóttir, Hrafnhildur Gunnarsdóttir og Hansína Þorkelsdóttir.

Lokaorð

Í upphafi tímabilsins yfirgáfu tveir sterkir afrekskyflingar GKG og fóru yfir í aðra klúbba, þau Ottó Sigurðsson og Eygló Myrra Óskarsdóttir. Við óskum þeim velfarnaðar og þökkum fyrir samstarfið. Tveir kyflingar gengu til liðs við GKG, þeir Alfreð Brynjar Kristinsson og Hlynur Þór Stefánsson. Þeir eru góður liðsauki og eins og að framan greinir varð Alfreð Brynjar í þriðja sæti á stigalista Kaupþingsmótaradarinnar. Landsliðsfólk GKG stóð sig vel í landsliðsverkefnum á árinu. Er það von okkar í afreksnefndinni að við fáum fleiri GKG afreksmenn og konur í landslið Íslands í framtíðinni.

Eins og að framan greinir léku sjö efnilegir piltar úr unglingsflokki GKG á Kaupþingsmótaröð karla á árinu. Þeir stóðu sig ágætlega og hafa fengið góða reynslu fyrir komandi ár. Fjórir þeirra ganga nú upp í afreks hóp karla í ár. Unglingastarf klúbbsins hefur verið með miklum blóma síðustu ár og það mikla starf sem þar er unnið er nú að skila afrekskyflingum til afreksnefndar. Mikilið hefur verið gert til að glæða áhuga stúlkna og hafa þær efnilegustu skipað afreks hóp kvenna ásamt þeim eldri

o g reyndari.

Mikil ánægja er með þá nýju æfingaaðstöðu sem klúbburinn hefur fengið í íþróttahúsinu Kórnum, Kópavogi. Enginn vafi er að þessi aðstaða mun hleypa nýju lífi í afreksstarf klúbbsins.

Að lokum vil ég þakka nefndarmönnum og þjálfurum fyrir samstarfið.

Með kveðju,
Gunnar Páll Þórisson
Formaður Afreksnefndar GKG 2008

„Það er auðvitað

best

að fá **alltaf** Vildarpunkta þegar maður notar kortið sitt, bæði heima og erlendis.“



Kortið sem kemur þér út

2.3 Mótanefnd

Mótanefnd samanstendur af eftirfarandi sex einstaklingum sem allir tóku þátt í starfinu að einhverju leiti. Heimir Jón Guðjónsson, Sigurjón Sigurjónsson, Jónína Pálsdóttir, Ragnar Þór Reynisson, Björn Steinar Stefánsson og Sigurður H. Hlöðverson

Starf mótanefndar er umtalsvert og tímafrekt og starfsárið 2008 var engin undantekning þar á. Fjöldi móta var talsverður og þá sérstaklega fyrirtækjamót sem í eðli sínu eru ekki beint á könnu mótanefndar. Meistaramótið var og er stærsta verkefni mótanefndar ár hvert og tókst með miklum ágætum.

Gott samstarf var við starfsmenn klúbbsins, sérstaklega starfsmenn vallargæslu sem sáu um ræsingu í flestum mótum ásamt mótanefnd og að sjálfsgöðu starfsmenn verslunar og framkvæmdastjóra. Mikill fengur var í því að hafa starfsmenn við vallargæslu og eftirlit þetta sumar og verður vonandi áframhald þar á. Einnig var gott samstarf við dómara klúbbsins undir forustu Kjartans Bjarnasonar.

Gott samstarf var við starfsmenn GSÍ vegna þeirra móta sem klúbburinn hélt í samstarfi við sambandið.

Samstarf nefnda inna klúbbsins þarf að vera meira og þar er sérstaklega verið að tala um vallarnefnd, unglínganefnd, kvinnanefnd og öldunganefnd ásamt mótanefnd.

Mót sumarsins

24. maí	Opnunarmót Leirdalsins	Innanfélagsmót
30. maí	Golfmót tryggingafélaganna	Boðsmót
31. maí	Opna Man Utd mótið	Opið
5. júní	Unglingamótaröð GKG (1)	Innanfélagsmót
7. júní	Rás2 Open	Opið
8. júní	Kaupþingsmótaröð LEK	
	viðmiðunarmót (4)	Opið (eldri kylfingar)
13. júní	Lýsingarmótið	Boðsmót
14. júní	Góðgerðarmót Eldeyjar	Opið
18. júní	Miðvikudagsmótaröð GKG (1)	Innanfélagsmót
20. júní	Bleiki Bikarinn -	
	Sólstöðumót kvenna	Opið
21. júní	Jónsmessumót	Innanfélagsmót
24. júní	Vinkvennamót GKG og GO	Innanfélagsmót
25. júní	12 ára og yngri mótaröð GSÍ	Opið (börn)
26. júní	Unglingamótaröð GKG (2)	Innanfélagsmót
29. júní	International Pairs	Opið
1. júlí	Barnamótaröð GKG 12 ára og yngri (1)	Innanfélagsmót
2. júlí	Miðvikudagsmótaröð GKG (2)	Innanfélagsmót
5. júlí	Niðjamót GKG	Opið
6. - 13. júlí	Meistaramót GKG 2008	Innanfélagsmót
15. júlí	Barnamótaröð GKG 12 ára og yngri (2)	Innanfélagsmót
16. júlí	Miðvikudagsmótaröð GKG (3)	Innanfélagsmót
24. júlí	Unglingamótaröð GKG (3)	Innanfélagsmót
26. - 27. júlí	Opna Bylgjumótið	Opið
29. júlí	Barnamótaröð GKG 12 ára og yngri (3)	Innanfélagsmót
30. júlí	Miðvikudagsmótaröð GKG (4)	Innanfélagsmót
4. ágúst	Carlsberg Open	Opið
5. ágúst	Barnamótaröð GKG 12 ára og yngri (4)	Innanfélagsmót
7. ágúst	Unglingamótaröð GKG (4)	Innanfélagsmót
9. ágúst	Háforgjafarmót	Opið
13. ágúst	Miðvikudagsmótaröð GKG (5)	Innanfélagsmót
14. ágúst	Deloitte-mótið	Boðsmót
15. ágúst	RÚV-mótið	Boðsmót
19. ágúst	Barnamótaröð GKG 12 ára og yngri (5)	Innanfélagsmót
22. ágúst	Áskorendamótaröð GSÍ unglínginga	Opið (unglingar)
27. ágúst	Miðvikudagsmótaröð GKG (6)	Innanfélagsmót
5. sept.	Framhaldsskólamótið	Boðsmót



6.-8. sept.	Stigamót unglínginga (6)	Opið (unglingar)
10. sept.	Miðvikudagsmótaröð GKG (7)	Innanfélagsmót
13. sept.	Lokamót GKG Kvenna	Innanfélagsmót
14. sept.	VÍS starfsmannamót	Boðsmót
27. sept.	Bændaglíma GKG 2008	Innanfélagsmót

2.4 Ársskýrsla íþróttastjóra

Starf íþróttastjóra felst aðallega í að hafa umsjón með skipulagningu afreks- og unglíngastarfs GKG í samráði og samstarfi við framkvæmdastjóra GKG, afreks- og unglínganefnd, auk annara þjálfara klúbbsins. Einnig eru nýliðanámskeið framkvæmd af þjálfurum GKG auk annara verkefna svo sem heimsóknna frá skólum þar sem grunnskólabörnum er boðið á námskeið til að kynna íþróttinni og starfi GKG.

Í vor útskrifuðust undirritaður og Haraldur Þórðarson úr Golfkennaraskóla PGA og GSÍ. Því eru allir þeir þjálfarar GKG með PGA (Professional Golfers Association) golfkennararéttindi. Þess má geta að starfshlutfall þjálfara klúbbsins er u.þ.b. 70% hjá íþróttastjóra og um 50% hjá hinum tveimur. Afrekskyllingar klúbbsins sáu, líkt og undanfarin ár, um þjálfun yngstu kylfinganna í klúbbum og vikuleg barnanámskeið. Barnanámskeiðin voru mjög vinsæl sem fyrr, þrátt fyrir meira framboð í nágrennasklúbbum, en í sumar voru um 500 skráningar á námskeiðunum. Fimmtán leiðbeinendur störfuðu hjá klúbbum við barnanámskeið og sumaræfingar GKG barna. Ég vil þakka þjálfurum klúbbsins og leiðbeinendum fyrir gott samstarf á liðnu tímabili.

U.þ.b. 160 börn og unglíngar klúbbsins æfðu á skipulögðum æfingum klúbbsins samkvæmt stundatöflu, en allir æfðu með sínum aldurshópi þrisvar í viku, þ.e. tvisvar sinnum á einnar stunda æfingu, og einu sinni á þriggja tíma spilæfingu. Miðað



við þann mikla fjölda sem æfir þá er ljóst að mikla skipulagningu þarf til að koma öllum þeim hópum barna og unglunga fyrir á þeim svæðum sem við höfum til umráða til æfinga. Sem betur fer höfum við ágætis tón fyrir æfingar, en því miður höfðum við, líkt og áður, enga almennilega aðstöðu til að æfa þútt og vípp. Þakka skal stjórn og starfsmönnum, auk Garðabæ, fyrir þá miklu betrubót sem varð á æfingasvæðinu sjálfu, með nýrri umgjörð, mottum, boltavél, boltum og skotmörkum. Þetta hjálpar okkur í að þjálfva golfsveifluna, en til að ná hámarksárangri þarf að geta stutta spilið markvisst. Ný æfingaflöt við golfskálán er mikil bragabót fyrir klúbbmeðlimi en hentar illa fyrir þann mikla fjölda barna og unglunga sem stunda æfingar. Mikil þörf er á æfingaflötum fyrir þann mikla fjölda sem æfir á sumrin. Hægt væri án mikils tilkostnaðar að útbúa flatir sem henta til bráðabirgða þangað til betur árar.

Æfingar hjá yngstu kyflingum klúbbsins gengu ekki eins vel og vænst hafði verið og má það að vissu leiti rekja til hversu mikil aukning hefur verið í þessum aldurshópi, sem leitt hefur til þess að hópar hafi í mörgum tilfellum verið fjölmennari en æskilegt er. Vissulega er það jákvætt hversu mörg börn eru farin að stunda golf, og setur það okkur í stöðu til að endurskipuleggja æfingaáætlunina og gera betur. Hinsvegar var árangur okkar afreksunglinga framúrskarandi á þessu sumri og hafa aldrei verið fleiri GKG unglingar á verðlaunapalli eins og í ár.

Af atvinnumönnum GKG er frá því að segja að Birgir Leifur keppti framan af árinu í Evrópumótaröðinni, en glímdi við þrálát meiddsli og hefur verið frá keppni mestallt árið. Hann hefur þó verið að ná sér að fullu og stefnir að þátttöku á öllum þeim mótum sem hann hefur þátttökurétt til, en sökum meiddslanna fær hann sérstaka undanþágu og heldur þátttökurétti sínum sem hann vann til á úrtökumótinu 2007. Sigmundur Einar tók þátt í úrtökumótum fyrir bandarísku PGA mótaröðina í haust og komst í gegnum fyrsta stigið af fjórum. Baráttan er hörð í atvinnumennskunni og færur við þeim baráttukveðjur.

Árangur Meistaraflokks GKG hefur oft verið betri á Kaupþingsmótaröðinni, en engu að síður var árangur okkar fólks oft á tíðum mikið gleðiefni.

Svalamótaröð 12 ára og yngri, var áframhaldið eftir góðar undirtektir í fyrra. Var þátttakan mjög góð og framkvæmd sömuleiðis, en Jón Hörðdal hefur haft veg og vanda af þessari

mótaröð. Hole in One mótaröð unglunga fór vel fram í sumar og var þátttaka yfirleitt með ágætum.

Undanfarin ár hefur GKG haft aðstöðu til vetraræfinga m.a. í Sporthúsinu í Kópavogi. Ljóst er að sú aðstaða verður ekki nýtt í vetur, en þess í stað bauð Kópavogsbær okkur að útbúa rými til golfæfinga í knattspyrnuhöllinni Kórnum. Höggsvæðið er tilbúið og lofar góðu, en gert er ráð fyrir að æfingaflötin verði tilbúin í byrjun desember. Kópavogsbæ kunnum við bestu þakkir fyrir aðkomu þeirra að málinu og kostun, en í Kórnum munum við geta stundað vetraræfingar næstu árin. Það er einnig mikilvægt að hafa aðstöðu sem þessa sem við getum kallað okkar eigin, og bindum við miklar vonir um að þarna takist okkur að efla vetrarstarfið á næstu árum. Einnig mun aðstaðan nýtast hinum almenna kyflingi vel og er það mjög jákvætt. GKG stefnir að því að vera áfram í fararbroddi hvað varðar unglunga- og uppbyggingarstarf. Sem fyrr þá gefst unglingum klúbbsins kostur á að æfa 11 mánuði á ári undir handleiðslu þjálfara. Það er eitthvað sem fáir aðrir golfklúbbar eða íþróttagreinar geta státað af.

Í sumar lést góður félagi okkar, Jón Ólafsson, en Jón var formaður afreksnefndar til margra ára. Ávallt var skemmtilegt andrúmsloft í kringum Jón en hann vann ötullega fyrir klúbbinn í mörg ár og hans verður svo sannarlega sárt saknað.

Ég vil þakka þeim starfsmönnum og nefndarmönnum sem ég hef átt unnið með á árinu fyrir mjög ánægjulegt samstarf. Einnig vil ég þakka klúbbmeðlimum og foreldrum fyrir ánægjuleg kynni og samstarf á árinu.

Með bestu kveðju,
Úlfar Jónsson, Íþróttastjóri GKG

2.5 Ársskýrsla afreksþjálfara

Fyrst langar mig að þakka Íþróttastjóra GKG, framkvæmdastjóra, afreks og unglinganefnd fyrir mikla og góða samvinnu á árinu sem er að líða.

Afrek:

Ingunn Gunnarsdóttir

1. sæti Kaupþingsmótaröð eldri á Hellu
1. sæti Kaupþingsmótaröð unglunga í Keili
1. sæti Kaupþingsmótaröð unglunga í Vestm.eyjum
1. sæti Kaupþingsmótaröð unglunga í GKG
1. sæti í Sveitakeppni unglunga
3. sæti Íslandsmót unglunga í högggleik
3. sæti Kaupþingsmótaröð unglunga í Þorlákshöfn

Ari Magnússon

1. sæti í Kaupþingsmótaröð unglunga í Keili.

Guðjón Ingi Kristjánsson

2. sæti Íslandsmót unglunga í högggleik
2. sæti í Sveitakeppni unglunga
3. sæti Kaupþingsmótaröð unglunga í Vestm.eyjum

Ragnar Már Garðarsson

2. sæti Íslandsmót unglunga í högggleik
3. sæti Íslandsmót unglunga í holukeppni
3. sæti Kaupþingsmótaröð unglunga í GKG

Emil Þór Ragnarsson

2. sæti í Íslandsmóti í holukeppni
2. sæti Kaupþingsmótaröð unglunga í GKG



3. sæti í Íslandsmóti í höggleik

Bjarki Freyr Júlíusson

3. sæti í Íslandsmóti í holukeppni

Erna Valdís Ívarsdóttir

3. sæti í Íslandsmóti í holukeppni

3. sæti Kaupþingsmótaröð unglunga í GKG

Alfreð Kristinsson

2. sæti Kaupþingsmótaröð í GO

Kylfingur ársins á sínu háskólasvæði í Bandaríkjunum

Sigmundur Einar Másson

3. sæti Íslandsmót í holukeppni

Kylfingur ársins í Southland Conference

1. sæti Hal Sutton Invitational háskólamót

Guðjón Henning Hilmarsson

2. sæti Opna áhugamannamótið á Kýpur

Sveitakeppnir

1. sæti Stúlkur 17-18 ára

2. sæti Piltar 17-18 ára

2. sæti Drengir 16 ára og yngri

3. sæti Karlar

Mig langar að taka það fram að árangur sá sem náðist á árinu er vegna þess undirbúningsstarfs sem fram fór síðastliðinn vetur, þetta starf má ekki vanmeta.

Vetraræfingar samanstanda af æfingum sem skipt er í sveiflupjálfun og stutta spilið (pútt og vipp æfingar). Þetta er einnig mikilvægur tími til að yfirfara síðastliðið keppnistímabil og markmiðasetningar til framfara. V1 kennsluferfið sem fjárfest var í hefur stórbætt vinnuna við sveiflугreiningu og kenslu fyrir afreks og keppnisfólk klúbbsins.

Endurbætur á æfingasvæði klúbbsins í formi nýrra motta, bolta og gerð lendiga svæða hefur stórlega bætt gæði við æfingar

og kennslu. Það sem nauðsynlegt er að laga í æfingaaðstöðu klúbbsins í dag er að hafa meiri aðmöguleika til að æfa stutta spilið við betri aðstæðu. Endurbætur á þessu sviði myndu hafa mikil áhrif á æfingar og auka tilfinningu stutta spilinu. Þetta er í dag eina atriðið þar sem þar sem nágrannaklúbbar okkar hafa betri aðstöðu.

Mig hlakkar til að kenna í nýju inniaðstöðu klúbbsins í Kórnum í vetur og tel að sú aðstaða muni hjálpa afreks og keppniskylfingum okkar að æfa meira utan fastra æfinga í vetur án auka kostnaðar fyrir þá. Einnig mun Kórinng gefa almennum klúbbmeðlimum kost á æfingaaðstöðu eins og aðrir klúbbar hafa getað boðið undanfarin ár.

Ég hlakka til áframhaldandi árangurs og frekari þróunar í kenslu og æfingum..

Derrick John Moore.

Afrekspjálfari GKG.

2.6 Ársyfirlit Unglinganefndar

Unglinganefnd skipuðu Gunnar Jónsson, formaður, Grétar Skúlason, Jón Hörðdal Jónasson, Ragnheiður Sigurðardóttir og Benedikt G. Ívarsson

Sem fyrr var unnið að skilgreindum markmiðum um að veita börnum og unglungum í GKG tækifæri til pjálfunar sem stenst samjöfnuð við það sem best gerist með öðrum klúbbum. Áfram var haldið með 11 mánaða æfingátímabil, en æfingar hófust í nóvemberbyrjun. Keppnistímabilið 2007 stóð óvenju lengi. Síðasta unglungamót GSÍ var sett á eftir miðjan september. Æfingar fóru fram í Sporthúsinu og Hraunkoti hjá Keili. Þá voru æfingar fyrir yngstu börnin í Lindaskóla í Kópavogi. Skortur á eigin aðstöðu varð, sem fyrr, til þess að veruleg fjárútlát hlutust af leigu aðstöðu fyrir æfingar.

Þetta stendur til bóta. GKG hefur fengið inni í Kórnum, knattspyrnuhúsi í Kópavogi. Aðstaða verður innréttuð í góðu rými undir stúku. Kópavogsbær ber kostnað af

Allt á sama stað

Golfvörur
í úrvali

ozone

**Spennandi tilboð
Dæmi: Heilt sett+púttar+poki**

FRÁ KR. 38.900.



Verkstæði



**Góð tæki og aðstaða til viðgerða, prófunar
og mælinga,**

Sérpöntum og sérsníðum.

Golfvallarvörur /
Vörur fyrir æfingasvæði

 **RANGE SERVANT**

**Nánast allir golfvellir á Íslandi
nota Range Servant boltavélar
og boltakerfi frá Golfbúðinni**



Callaway

NIKE

PING

skoðaðu úrvalið á
www.golfbudin.is

**Golf
búðin**
Hafnarfirði 

framkvæmdunum og eru færðar heilar þakkir fyrir. Þegar þetta er ritað eru æfingar hafnar í básum sem settir hafa verið upp. Eftir á að leggja þúttflöt í aðstöðuna. Það hefur tafist nokkuð vegna ástands efnahagsmála og skömmtnar gjaldeyris, en lýkur vonandi ekki síðar en um mánaðamót nóvember-desember, Ekki þarf að fjölyrða um þá gjörbyltingu í aðstöðu fyrir GKG kylfinga sem þetta felur í sér. Sérstakt ánægjuefni verður að vera í aðstöðu sem telst okkar eigin en vera ekki sífellt upp á aðra komin.

Haustið 2007 og sumarið 2008 skráðu fleiri ungir kylfingar sig til æfinga en nokkru sinni. Æfingarnar fóru fram undir öruggri handleiðslu þjálfaranna okkar, Úlfars Jónssonar, Derrick Moore og Haraldar Þórðarsonar. Unglinganefnd þakkar þeim gott samstarf. Því miður eru skráningar á vetraræfingar 2008-9 færri en á fyrra ári. Ástæða þess liggur ekki fyrir, en þó ekki ólíklegt að efnahagsástand spili þar inn í. Þá kom einnig fram óánægja með sumaræfingar hjá aðstandendum nokkurra kylfinga og ekki hægt að útiloka að fækkun megi einnig til þess rekja. Farið hefur verið yfir hvað betur þurfi að fara, en unglínganefnd og þjálfarar eru sammála um að grundvallaratriði sé að auka þátt þjálfaranna í þjálfun allra, fremur en stóla á afrekskylfinga til þjálfunar. Við því verður brugðist næsta sumar, enda allir sem að unglíngastarfinu standa sammála um að það eigi að vanda svo til þess sem vera má.

Unglingarnir náðu góðum árangri. Hæst ber Íslandsmeistaratitil stúlknanna okkar í sveitakeppni 16-18 ára og sigur Ingunnar Gunnarsdóttur á fyrsta stigamóti fullorðinna. Stelpusveitina skipuðu, auk Ingunnar, Erna Valdís Ívarsdóttir, Hrafnhildur Gunnarsdóttir og Lovísa Kristín Sigurjónsdóttir. Strákasveitirnar náðu einnig frábærum árangri, en GKG átti silfurlið bæði í yngri og eldri flokki. Guðjón Ingi Kristjánsson og Ingunn Gunnarsdóttir voru verðlaunuð fyrir framúrskarandi árangur á tímabilinu. Guðjón vann til verðlauna á tveimur af sex Kaupþingsmótum, fékk silfur á Íslandsmóti í högggleik og auk þess eitt brons. Ingunn vann 3 gull og 2 brons á sömu mótaröð. Aðrir sem til verðlauna unnu á Kaupþingsmótaröð unglíngna voru Ari Magnússon, sem vann gull í einu móti. Emil Þór Ragnarsson vann silfurverðlaun í Íslandsmóti í högggleik og brons í holukeppni, auk einna silfurverðlauna til. Ragnar Már Garðarsson fékk silfur í Íslandsmótinu í högggleik og auk þess tvenn bronsverðlaun. Þá vann Erna Valdís Ívarsdóttir til tvennra bronsverðlauna, þ. á m. í Íslandsmótinu í holukeppni.

Þá er þess að geta að GSÍ stofnaði til nýrra mótaráða fyrir yngstu kylfingana. Sigurður Örn Garðarson, 6 ára GKG-ingur, vann eitt mótið fyrir yngsta flokkinn. Hann var yngsti keppandinn í flokknum. Jón Gunnarsson, félagi Sigurðar, sem var næst yngstur, lenti í 4 sæti sama flokks. Framtíðin er því björt.

Ingunn Gunnarsdóttir keppti í unglíngalandsliði á EM unglíngna í Skotlandi. Þá er Ragnar Már Garðarsson í unglíngalandsliðshópi GSÍ.

Þriðja æfingaferð til útlanda var farin, annað árið í röð til Costa Ballena á Spáni. Ferðin tókst með miklum ágætum. Umfjöllun um hana má finna á heimasíðu GKG, undir unglíngasíðunni. Vegna þeirrar óvissu sem er í efnahagsmálum er ólíklegt að náist að fara í æfingaferð á vori komanda. Klúbburinn stóð fyrir barnanámskeiðum sem áður. Brugðið

var á það nýnæmi að hafa námskeið bæði fyrir og eftir hádegi. Skemmst er frá því að segja að uppselt var á öll námskeið. Leiðbeinendur voru úr hópi afreksunglinga klúbbsins, undir verkstjórn Gests Gunnarssonar og Jóns Guðmundssonar. Tekjurnar af námskeiðunum eru sértekjur unglínganefndar og vegna þeirra er hægt að bjóða verulegum fjölda unglíngna úr klúbbnum vinnu á vellinum. Með því gefst þeim einnig kostur á því að leggja meiri stund á æfingar. Þá var fram haldið samningi við Kópavogsbæ um að unglíngar á vinnuskólaaldri gætu skráð sig í vinnuskóla Kópavogs en skilað vinnuframlagi til GKG. Þetta skiptir unglíngastarfið miklu máli.

Tvær innafélagsmótaráðir voru haldnar fyrir krakkana, Hole in One mótaröð fyrir þá sem komnir eru með forgjöf og Svalamótaröð fyrir þá sem skemmra eru á veg komnir. Uppgjör mótaráðanna má finna á heimasíðu, sem vísað er til að framan. Hole in One og Vífilfelli, styrktaraðilum ráðanna, er þakkað samstarfið. Lokahátið, þar sem mótin voru gerð upp og boðið upp á smá viðurgjörning, var haldin 16. september.

Árlegt niðjamót var haldið og tókst vel. Það hefur stimplað sig inn sem skemmtileg viðbót við mót GKG og býður kynslóðunum tækifæri á að spreya sig saman. Glæsilegir vinningar voru í boði og súpa og brauð í boði Háfells, sem færðar eru kærar þakkir fyrir. Afraksturinn fór í ferðasjóð unglínganna.

Síðasta Kaupþingsmót unglíngna liðið sumar var haldið á Vífilstaðavelli. Vel tókst til og okkar fólk stóð sig mjög vel. Joe Boxer og 66'N gáfu vinninga, sem mæltist vel fyrir, enda eina mótið þar sem í boði voru aðrir vinningar en þar til gerðir glerklumpar frá GSÍ.

Fundað hefur verið með aðstandendum í tvígang á árinu og voru fundirnir ágætlega sóttir. Mikilvægt er fyrir þá sem eru í forsvari fyrir starfið og þjálfarana að finna að aðstandendur sýni því áhuga. Þá var haldinn sérstakur fundur í tengslum við æfingaferð.

Unglínganefnd og þjálfarar GKG eru staðráðin í því að bjóða kreppunni birginn með því að standa svo vel að starfi komandi árs sem verða má.

2.7 Skemmtinefnd

Skemmtinefndin er stoðdeild fyrir nefndir og stjórnir GKG. Skemmtinefndin sér ekki um uppákomur heldur kemur að skemmtanahaldi klúbbsins og aðstoðar þær nefndir sem eftir því óska. Nefndin hefur aðstoðað að krafti í sumar sem leið en stundum hefur gætt á þeim misskilningi að nefndin eiga að sjá um sumar uppákomur en svo er ekki. Þegar til okkar hefur verið leitað höfum við ávallt gert okkar allra besta í að aðstoða og koma með góðar hugmyndir og við hvetjum nefndir sem þurfa að standa fyrir uppákomum að nýta sér frjóleika okkar og aðgang að ýmiss konar skemmtikröftum. Verið ófheimin að senda okkur póst með fyrirspurnum og við svörum öllum sem eru skemmtilegir.

Sigurður Hlöðversson, siggi@pipar.is
Lórenz Þorgeirsson, lorenz@n1.is
Bjarni Baldvinsson



3. KAFLI FRAMKVÆMDASVIÐ



3.1 Vallarnefnd

Skipan nefndarinnar
Símon Kristjánsson formaður
Andrés I. Guðmundsson
Guðmundur Á. Gunnarsson
Kristján Jónasson
Árni Zophoniasson
Tómas Jónsson.

Fundir á starfsárinu

Vallarnefnd hélt átta bókaða fundi á starfsárinu. Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja framkvæmdir og umhirðu vallarins í samstarfi við vallarstjóra, sem er einn nefndarmanna. Aðalmarkmið 2008 var að snyrta völinn og halda honum snyrtilegum..

Golfaðstaða GKG er orðin ein sú glæsilegasta á landinu. 18 holu Leirdalsvöllur og 9 holu völlum í Vetrarmýri. Á árinu 2009 verða ekki miklar nýframkvæmdir á golfvöllum GKG en haldið áfram að snyrta þá og betrubæta á ýmsan veg og gera sem glæsilegasta.

Annars vísa ég í ársskýrslu vallarstjóra sem er hér fyrir neðan. Ég vil þakka öllu starfsfólki vallarins fyrir gott starf á liðnu starfsári og sérstaklega Guðmundi Á. Gunnarssyni vallarstjóra sem stýrir starfinu af miklum áhuga. Loks þakka ég meðnefndarmönnum mínum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á þessu starfsári.

Símon Kristjánsson
formaður vallarnefndar

3.2 Skýrsla vallarstjóra 2008

Eldri hluti vallarins var opnaður laugardaginn 10. maí (18 holur) en nýrri brautirnar uppi í Leirdal hálfum mánuði síðar, 24. maí. Gras og gróður á vallarsvæðinu öllu kom vel undan vetri og voru flatirnar okkar líklega með þeim bestu á landinu þetta sumarið. Efri brautunum, 4. til og með 12. var lokað 22. september eftir miklar rigningar í mánuðinum og 20. október var eldri hlutanum síðan lokað þegar fór að frysta og svo snjóá. Notkunartími vallanna er nokkurn veginn í samræmi við það sem hefur verið hjá GKG undanfarin ár.

Sjálboðaliðadagar voru haldnir 7. og 8. maí og var mæting þokkaleg. Farið var yfir allt vallarstæðið, hreinsað til og miklu af rusli safnað saman. Mest af því var allskonar byggingarefni og umbúðir sem fokið hafði af nýju byggingasvæðunum meðfram efri hluta vallarsvæðisins. Vallarstjóri þakkar þeim sem lögðu hönd á plóg fyrir gott framtak.

Framkvæmdir

Mikið var framkvæmt á árinu. Ný þúttflöt var gerð við skálann og þar var mikið lagt upp úr að fegra ásýnd svæðisins, en einnig að fá sem flesta fermetra til að þúttá á. Flötin var tyrfð í maí og gekk það vel. Flötin komst hins vegar ekki í gagnið eins fljótt og gert var ráð fyrir, líklega vegna þess hversu ungt torfið var sem keypt var á flötina. Töluverður tími fór í sáningar og aðrar aðgerðir til að fá góða rækt í grasið. Vonir standa til að hægt verði að opna flötina á sama tíma og völinn næsta vor, í góðu formi.

Nýr teigur var byggður á fyrstu braut á Leirdalsvallar og skipt um torf á hluta hinna. Þar var einnig lögð hugsun og handverk í að gera svæðið flott fyrir augað en líka í að tryggja betri gæði í teignum sjálfum. Í leiðinni var sett vökvunnarkerfi í alla teigana



á brautinni.

Mikil vinna fór í hellulög umhverfis skálann. Þar má nefna eyjur á bilaplaninu, stækkun á plani fyrir golfkerrur við aðalinngang skálans, gönguleiðir inn á nýju púttflötina og einnig plan undir leigubíla GKG. Þetta var mjög svo tímafrekt en hefur líka skilað sínu til félaganna sem hafa lýst yfir mikilli ánægju með þessi verk.

Rauður teigur á 6. braut Vetrarmýrarvallar var farinn að halla mjög mikið þannig að hann var tekinn í gegn og nánast gerður uppá nýtt. Á 6. braut í Leirdalnum var brautarglomba kláruð og komið í leik.

Pallasvæðið á æfingasvæðinu var allt saman tekið í gegn. Skipt var um undirlag og síðan allt hellulagt uppá nýtt. Þetta var gert með góðum stuðning frá Garðabæ og BM Vallá og ber að þakka þeim þann stuðning.

Trjárækt

Árið 2008 voru settar niður á milli 300 og 350 trjáplöntur á golfvallarsvæði GKG. Um 100 tré fóru á nýja hluta vallarins og þar af komu um 80 frá Kópavogsbæ og ber að þakka Friðrik Baldurssyni garðyrkjustjóra bæjarins velvild í garð GKG.

Síðastliðinn vetur grisjuðu og snyrtu vallarstarfsmenn í trjáræktreitum vallarins. Öllum afskurði var safnað saman og í haust lánaði Erla Bil Bjarnardóttir garðyrkjustjóri Garðabæjar okkar kurlara sem notaður var til að endurvinna afskurðinn. Erlu ber að þakka kærlega fyrir og vonandi heldur þetta samstarf áfram. Kurlað var svo notað til snyrtingar umhverfis stök tré á milli brauta og gefur fallegan svip á þau svæði. En mörg tré eru eftir úti um allan völl og ætlunin er að safna meira efni í vetur til kurlunar og halda áfram í vor þar sem frá var horfið.

Starfsmannamál

Nú í haust eru 5 heilsársstarfsmenn við vinnu hjá GKG. Það er sá fjöldi sem vallarstjóri telur nauðsynlegan til að geta haldið uppi góðum vinnubrögðum allt árið og er þessi fjöldi sambærilegur við það sem nágrannaklúbbarnir eru með. Heilsársstarfsmenn eru Guðmundur Árni Gunnarsson vallarstjóri, Sveinn Steindórsson aðstoðarvallarstjóri, Kristján Jónasson trjáræktarstjóri og Þúsundþjalasmiður, Jónatan Eiríksson yfirmaður verkstæðis og Matthew Robins.

Í sumar komu 13 sumarstarfsmenn að vinnu á vellinum og reyndist sá hópur vel, því flestir þeirra voru vanir og höfðu sumir unnið hér undanfarin sumur. Einnig komu að vinnu við umhirðu vallarins unglingar á vegum GKG og voru 9 talsins.

Þetta er ágætis viðbót við starfskrafta á vellinum en þarf að skipuleggjast betur þar sem vinnan og æfingar krakkana áttu til að skarast. Vallarstjóri vill þakka öllum þeim vallarstarfsmönnum sem unnu hjá GKG þeirra störf í sumar.

Lokaorð

Völlurinn hefur líklega aldrei verið eins snyrtilegur og góður og í sumar. Að hluta til er það vegna áherslubreytinga sem gerðar voru í upphafi þess starfsárs sem nú er að ljúka. Áherslunar voru meðal annars að klára þær framkvæmdir sem byrjað var á og gera þær sem allra best úr garði og meira fyrir auga kylfingsins. Einnig var mikil áhersla lögð á að hafa snyrtimennsku í fyrirrúmi við störf og framkvæmdir á vellinum og var öllum starfsmönnum gerð vel grein fyrir því. Fjölgað var í starfliðinu um 3 til að geta lagt þessa áherslu á aukna snyrtimennsku og faglegan frágang á öllum verkum.


Framundan eru erfiðir tímar í landinu og erfiðt að spá fyrir um hvernig golfheimurinn á Íslandi fer út úr þessum hremmingum. Vallarstjóri þarf að sjálfsögðu að taka þátt í þeim niðurskurði sem GKG þarf að ganga í gegnum á þessum tímum, hjá því verður ekki komist.

Ég er búinn að leggja til að fækka sumarstarfsmönnum um 5 og einnig hef ég skorið niður á áætlun næsta árs það sem ætlað er í rekstur golfvallar um tæpar 6 milljónir. Meira held ég að sé ekki ráðlegt að gera því þá fer það væntanlega að bittna verulega á gæðum vallarins og það er ekki það sem menn vilja sjá.

Þær framkvæmdir sem stefnt er að á næsta starfsári og byrjað er á að hluta, eru þær sem ekki hafa í för með sér útlagðan kostnað svo neinu nemi. Til dæmis er vinna hafin við að leggja vökvunarkerfi í teiga á eldri hluta vallarins. Sá búnaður var keyptur fyrir nokkrum árum, sem betur fer því verðhækkningar á slíkum búnaði hafa verið ótrúlegar. Frá mínum bæjardryrum séð er sparnaður til lengri tíma liðið að setja vinnu í vökvunarkerfið og ætti að skila okkur betri teigum, svo sem það hefur skilað okkur betri flötum. Stefna næsta árs er að reyna að bæta snyrtimennsku í umhirðu á völlum GKG enn frekar, sem og í þeim takmörkuðu framkvæmdum sem hægt er að vinna í svona efnahagsárferði.

GKG hefur undanfarin ár verið að endurnýja og bæta vélafloata sinn og er svo komið að við þurfum sem betur fer ekki að fara í fjárfestingar á nýjum vélum þetta árið. Keyptar voru á árinu sem er að líða lítið notuð flatarlátturvél, glompuraka og fjölnota vinnubíl á völlinn. Þessar vélar hafa allar reynst mjög vel. Glompurakan er líklega sú vél sem breytt hefur hvað mestu fyrir

3.3 Vetrarvöllur GKG



Vetrarvöllur GKG 2008 - 2009

kylfinga í sumar því hún skilar glömpunum stórglæsilegum. Að lokum vill ég þakka Ólafi framkvæmdarstjóra, vallarnefnd og stjórninni fyrir gott samstarf á árinu 2008.

Guðmundur Árni Gunnarsson
Vallarstjóri GKG

3.4 Fjáröflunar- og kynningarnefnd

Nefndarmenn: Framkvæmdastjóri og Jón Snorri Snorrason

Markmið:

Reynt var með sama hætti og áður að hafa sem mesta fjölbreytni í að afla sem mest fjár fyrir félagið með skriflegum samningum við fyrirtæki og velunnara um kostanir, fyrirtækjamót, boðsmót, bekki, auglýsingar og merkingar á vellinum sjálfum. Félagsmenn voru hvattir til að hafa samband við þau félög, sem þeir þekktu til hjá og allar klær úti enda margir golfklúbbbar að herja á sömu mið.

Margir samningar voru að renna út og þurfti endurnýjunar við auk þess sem Leirdalurinn hafði bæst við og þar með 9 nýja brautir og reyndist þetta erfiðara en við áttum von á og greinilegt að fyrirtæki voru byrjuð að draga úr stuðningi við íþróttafélög.

Allir samningar verða skriflegir við alla kostendur, þar sem fram kemur fyrir hvað var greitt og hvað viðkomandi fékk í staðinn. Samningum var að mestu lokið fyrir opnun vallarins. Endanleg

tekjuöflun gæti verið á rúmlega 10 millj.kr fyrir árið 2008.

Leiðir:

Selja auglýsingar á alla teiga á öllum brautum og lengdarmælingastaura á hverri braut skv. ákveðnu kerfi og verðskrá. Hægt var fyrir fyrirtæki að kosta heila braut (gula og rauða teiga + lengdarhæla) eða einhverja samsetningu þar af. Stefnt var að því að finna kostendur að bekkjum á sem flestum teigum.

Sum fyrirtæki, sem hafa hér samninga hafa óskað eftir að fá að halda viðskipta-vina-mót og taka þá frá ½ dag og greiða fyrir það sérstaklega eða sem hluta af stærri samningi og hefur veitingasalan síðan séð um veitingar og verið þannig tekjuleið fyrir hana.

Í sumum tilfellum var reynt að nýta þá afrekskylfinga sem eru á samingi til að afla enn frekari fjár og var það gert í fullu samráði og með samþykki þeirra. Þar var um að ræða námskeið, kennslu og í sumum tilfellum var hægt væri að greiða fyrir að fara hring með afreksmönnum.

Mikil fjölbreytni var í hverju fyrirgreiðsla til þessara aðila voru, enda óskir og þarfir mismunandi og reynt að sérsníða samninga með tilliti til þessa.

Mörg fyrirtæki óska eftir að fá greitt fyrir auglýsingar með félagsaðild fyrir ákveðin fjölda meðlima. Aðrir óska eftir ákveðnum fjölda sumarkorta, námskeið, kennsla eða ákveðinn fjöldi 5-leikja-korta.

4. KAFLI FJÁRMÁL

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar

Við höfum endurskoðað ársreikning Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar fyrir reikningsárið 1. nóvember 2007 til 31. október 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreiknings og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á reikningsárinu 1. nóvember 2007 til 31. október 2008, efnahag þess 31. október 2008 og breytingu á handbæru fé á reikningsárinu 1. nóvember 2007 til 31. október 2008, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Garðabæ, 27. nóvember 2008.



KPMG hf.

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar, höfum yfirfarið ársreikning þennan og er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggar upplýsingar um rekstur klúbbsins á reikningsárinu, fjárhagsstöðu hans í lok reikningsársins og um breytingu á handbæru fé á tímabilinu.

Garðabæ, 27. nóvember 2008.



Rekstraryfirlit

1. nóvember 2007 til 31. október 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrartekjur:			
Félagsgjöld		86.713.269	80.297.749
Vallargjöld		5.636.084	5.242.605
Bolta- og kerruleiga		3.704.820	3.146.219
Tekjur af golfmótum		7.926.075	5.594.150
Rekstarframlög og fyrirtækjasamningar		19.248.830	17.399.398
Sértekjur A-nefndar		50.000	1.453.028
Sértekjur U-nefndar		6.673.030	6.453.289
Aðrar rekstrartekjur	8	4.791.646	862.339
		134.743.754	120.448.777
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	9	63.546.737	61.979.166
Skáli og áhaldahús	10	3.999.298	6.737.222
Golfvöllur og æfingasvæði	11	16.029.499	9.477.325
Unglingastarf og almenn kennsla	12	3.387.073	3.898.499
Keppnisgolf og mótahald	13	9.247.960	9.070.946
Gjöld til GSÍ		5.119.200	4.487.000
Annar rekstrarkostnaður	14	7.269.407	16.109.743
Afskriftir	4	7.198.292	5.972.263
		115.797.466	117.732.164
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		18.946.288	2.716.613
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur		2.050.059	697.728
Vaxtagjöld og verðbætur		(8.449.063)	(6.709.337)
Gengismunur		(25.241.450)	0
		(31.640.454)	(6.011.609)
Rekstrargjöld umfram rekstrartekjur		(12.694.166)	(3.294.996)

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2008	2007
Fastafjármunir:			
Golfvöllur		216.723.404	207.673.698
Golfskáli og áhaldahús		38.441.220	36.862.797
Bifreiðastæði og umhverfi		12.908.655	12.582.295
Vélar og tæki		36.782.276	35.030.767
Fastafjármunir	4	<u>304.855.555</u>	<u>292.149.557</u>
Veltufjármunir:			
Vörubirgðir		220.000	0
Viðskiptakröfur		1.187.761	1.151.908
Aðrar skammtímakröfur		0	2.219.213
Handbært fé		51.606	79.811
Veltufjármunir		<u>1.459.367</u>	<u>3.450.932</u>
Eignir samtals		<u><u>306.314.922</u></u>	<u><u>295.600.489</u></u>

31. október 2008

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2008	2007
Eigið fé:			
Eigið fé		215.481.477	228.178.175
Eigið fé	5	<u>215.481.477</u>	<u>228.178.175</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir	6	<u>25.650.137</u>	<u>14.181.078</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		40.084.986	18.389.017
Viðskiptaskuldir		2.764.741	11.078.336
Næsta árs afborgun langtímaskulda	7	16.991.670	11.084.435
Aðrar skammtímaskuldir		5.341.911	12.689.448
		<u>65.183.308</u>	<u>53.241.236</u>
Skuldir		<u>90.833.445</u>	<u>67.422.314</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>306.314.922</u></u>	<u><u>295.600.489</u></u>



LÍFLEGUR GOLFKLÚBBUR FRÁBÆRT FÉLAGSLÍF!



Sjóðstreymisýfirlit

1. nóvember 2007 til 31. október 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrargjöld umfram rekstrartekjur	(12.694.166)	(3.294.996)	
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Gengismunur langtímalána	25.546.387	(133.732)	
Tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna	0	190.016	
Afskriftir	4 7.198.292	5.972.263	
Veltufé frá rekstri	<u>20.050.513</u>	<u>2.733.551</u>	
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Birgðir, hækkun	(220.000)	0	
Skammtímakröfur, lækkun	2.183.360	1.948.054	
Skammtímaskuldir, lækkun	(15.663.662)	(18.043.656)	
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	<u>(13.700.302)</u>	<u>(16.095.602)</u>	
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	<u>6.350.211</u>	<u>(13.362.051)</u>	
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum:			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(19.904.292)	(11.733.200)	
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	0	2.410.000	
Fjárfestingarhreyfingar	<u>(19.904.292)</u>	<u>(9.323.200)</u>	
Fjármögnunarhreyfingar:			
Tekin ný langtímalán	6.037.869	3.000.450	
Afborganir langtímalána	(14.207.962)	(71.019.885)	
Skammtímalán, breyting	21.695.969	1.368.587	
Framlög frá sveitarfélögum	0	84.207.092	
Fjármögnunarhreyfingar	<u>13.525.876</u>	<u>17.556.244</u>	
Breyting á handbæru fé	(28.205)	(5.129.007)	
Handbært fé í byrjun tímabils	<u>79.811</u>	<u>5.208.818</u>	
Handbært fé í lok tímabils	<u>51.606</u>	<u>79.811</u>	



Lokaorð

Þá er þessu starfsári að ljúka og er óhætt að segja að það hafi um margt verið viðburðarríkt. Eins og glöggst má sjá við lestur þessarar ársskýrslu er unnið mjög metnaðarfullt starf innan GKG. Þar koma margir að og vil ég þakka þeim öllum fyrir vel unnin störf á liðnu starfsári. Vitanlega mæðir mest á framkvæmdastjóranum, Ólafi E. Ólafssyni, og vallarstjóranum Guðmundi Á.Gunnarssyni. Þessir tveir eru lykilmenn í öllum umsvifum GKG og vil ég þakka þeim báðum fyrir vel unnin störf á liðnu starfsári. Það er óhætt að segja, að nú sé völlurinn okkar loksins að komast í endanlegt horf, þó vissulega verði haldið áfram við að endurbæta hann og laga á ýmsan hátt. Þar má aldrei slaka á og við eigum ávallt að hafa mikinn metnað fyrir okkar völl og að hann verði alltaf einn allra besta golfvöllur landsins. En það eru sannarlega mörg og krefjandi verkefni framundan. Stjórnin hefur síðastliðin ár unnið að uppbyggingu æfingahúss, félagsaðstöðu og áhaldahúss og þar hafa verið settar fram margar og spennandi hugmyndir, en ýmsar utanaðkomandi

ástæður hafa valdið því að ekkert hefur enn verið ákveðið. Þessi verkefni eru nú í fullkominni óvissu og enginn veit hvenær við getum hafist handa á nýjan leik. Ég held að nú verði félagsmenn að leggja höfuðáherslu á að efla samstöðuna og gera klúbbinn okkar sterkan félagslega, þá mun GKG koma út úr þessum hremmingum miklu mun sterkari og samhentari en áður. Ég vil svo þakka meðstjórnarmönnum mínum fyrir gott samstarf svo og öllu starfsfólki og loks ekki síst öllum þeim mikla fjölda sem vinnur við þjálfun og í nefndum á vegum GKG fyrir þeirra þátt í að gera klúbbinn okkar sem öflugastan.

Virðingafyllst,
f.h. stjórnar GKG
Guðmundur Oddsson, formaður.



Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar

Pósthólf 214 • 212 Garðabæ • Sími: 565 7373 • gkg@gkg.is

www.gkg.is